

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Berufjörður



Dags eftirlits	1.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið er snúa að gagnaskilum og tilkynningu vegna útsetningar. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

Eldra frávik frá 2019 v. vöktunaráætlunar er lokað, þar sem uppfærð vöktunaráætlun var samþykkt með útgáfu breytts starfsleyfis í ágúst 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Þann 1. september sl. var farið í skoðunarferð út að eldissvæðum rekstraraðila við Hamraborg og Svarthamarsvík. Í kjölfarið var farið yfir gögn og áætlanir á skrifstofu rekstraraðila á Djúpavogi. 2. september var athafnasvæði við Mjóeyrarhöfn, þar sem samsetning kvíahringja hafði farið fram, skoðað.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
 - o Breytingar á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, lífmassi og afföll
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Staðsetning eldissvæða
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning eldiskvía
- Skoðunarferð að kvím

Farið var yfir starfsleyfi rekstraraðila en síðan seinasta eftirlit fór fram hefur því verið breytt tvisvar, en fyrri breytingin tók gildi þann 6. maí sl. og sú seinni þann 19. ágúst sl. Brugðist hafði verið við frávikum og ábendingum fyrri ára. Vöktunaráætlun rekstraraðila var samþykkt fyrir útgáfu breytts starfsleyfis í ágúst 2021.

Farið var yfir áhættumat rekstraraðila frá árinu 2020, og breyting á flokkum áhættumatsins 2021 kynnt.

Umfang á árinu 2020 og það sem af er ári 2021 var innan marka starfsleyfis en það heimlar 9800 þúsund tonna framleiðslu á ári (þar af hámark 7500 tonna framleiðsla af frjóum laxi) með hámarkslífmassa 9800 þúsund tonn á hverjum tíma. Þegar eftirlitið fór fram voru tæp 800 tonn í sjó við Hamraborg.

Slátrun lauk úr Glímeysi í apríl sl. og var tæpum þúsund tonnum slátrað þaðan á árinu, en um er að ræða seiði sem sett voru út árið 2019. Slátrun hafði ekki hafist í Hamraborg þegar eftirlitið fór fram en fyrstu seiði kynslóðarinnar voru sett út í lok ágúst 2020. Síðan eftirlitið fór fram hafa öll seiði á eldissvæðinu við Höfðahúsabót í Fáskrúðsfirði verið færð í Svarthamarsvík, en færsla seiðanna hófst um miðjan september sl. og tók 3 vikur. Einnig voru sett út viðbótarseiði í Svarthamarsvík í október sl., frjór lax frá Eldisstöðinni Íspór og ófrjór lax frá Rifós. Ekki var tilkynnt um þessa útsetningu með tveggja vikna fyrirvara líkt og kveður á í starfsleyfi og er því skráð frávik þess efnis. Rekstraraðili hefur síðan tilkynnt um viðbótarútsetningu á svæðið og hyggst breyta verklagi sínu svo Umhverfisstofnun sé framvegis einnig tilkynnt um áætlaðar útsetningar.

Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili stöðvarskírteini eldisstaðsetninga til staðfestingar þess að eldið færi fram innan marka staðsetninga starfsleyfis. Skv. þeim gögnum eru kvíar og búnaður allt staðsett innan leyfilegra svæða starfsleyfis.

Vel er haldið utan um allar skráningar og áætlanir eru reglulega uppfærðar. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað sameiginlega fyrir 1. maí sl. Skil ársyfirlits voru ekki fullnægjandi, þar sem í skiluðum gögnum koma ekki fram allar þær upplýsingar sem gerð er krafa um að skuli vera í ársyfirliti, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi í þágildandi leyfi. Viðbótarupplýsingum var skilað þann 24. nóvember sl. og frávikin er því lokað. Rekstraraðili hyggst framvegis skila aðskildu ársyfirliti og grænu bókhaldi og verður því fylgt eftir af hálfu stofnunarinnar að um fullnægjandi skil verði að ræða.

Ný og uppfærð vöktunaráætlun, dags. 27.5.21, barst stofnuninni þegar unnið var að breytingu á starfsleyfi. Áætlunin var samþykkt og er því í gildi. Stofnunin vekur athygli á því að þar sem hvíldartími eldissvæða stjórnast af niðurstöðum vöktunar svæða, sbr. gr. 3.2, er mikilvægt að vöktunarskýrslur berist rekstraraðila sem fyrst svo hægt sé að heimila útsetningu að lokinni hvíld.

Vöktunarskýrslur ársins 2020 bárust fyrir 1. maí 2021. Um er að ræða hámarkslífmassasýnatöku við Glímeysi í ágúst 2020, og grunnsýnatöku v. Hamraborgar I, einnig í ágúst 2020. Vöktunarskýrsla v. hvíldarsýnatöku við Svarthamarsvík í apríl 2021 barst einnig fyrir 1. maí sl. Skv. skýrslunum var ástand allra svæða gott.

Enginn dauðfiskur fer í urðun, en hann fer í meltutank um borð í fóðurprömmum og er meltan sótt af móttökuaðila beint um borð. Varatankur fyrir meltu er í landi við gömlu bræðsluna á Djúpavogi. Ekki þarf að nota lyf við lús eða önnur lyf í eldinu, en einungis er notast við hreinsiefni og sóttahreinsiefni. Notast er við olíu á vinnubáta en ekki eru neinir olíugeymar á forræði rekstraraðila á hafnarsvæðinu.

Sýra fyrir meltugerð er geymd í 1000 L tönkum, bömbum, um borð í fóðurpramma. Skýli á fóðurprammanum við Hamraborg var lokað og merkt varúðarmerkingum.

Farið var í skoðunarferð að athafnasvæði þar sem verktaki hefur unnið við samsetningu kvía fyrir Fiskeldi Austfjarða og Laxa Fiskeldi. Samsetningu ársins var lokið og hafði svæðinu verið skilað til Mjóeyrarhafna. Vel var gengið frá og svæðið hreinsað og gerir stofnunin engar athugasemdir vegna umgengni við svæðið.

Farið var í skoðunarferð út að Hamraborg og Svarthamarsvík, en verið var að vinna að lokafrágangi svæðis áður en seiði yrðu sett út í kvíar. Við skoðunarferð að kvíum var engan fugl að sjá eða nokkuð óeðlilegt, ekki var vart við mikinn þörungablóma né varð eftirlitsaðili var við marglyttu á svæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi	Tilkynna þarf útsetningu seiða í sjó með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Tilkynning vegna útsetninga seiða við Svarthamarsvík í október barst ekki áður en seiðin voru sett í sjó.
gr. 4.2 í þágildandi starfsleyfi	Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður skráninga og mælinga sbr. kröfur 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirliti var skilað sameiginlega með grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, en uppfyllir ekki kröfur um niðurstöður skráninga sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi. Viðbótarupplýsingum var skilað þann 24. nóv. sl. og frávikin er því lokað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

